

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 67 – 04.04.2006

Þriðjudaginn 4. apríl, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Gagnaveita Skagafjarðar
2. Hitaveita Hjaltadals.
3. Hækkun gjaldskrá hitaveitu.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Til fundarins mættu Áskell Heiðar Ásgerisson sviðsstjóri Sv. Skagafjarðar, Snorri Styrkársson framkvæmdarstjóri Fjölnets og stjórnarmenn Fjölnets, þeir Ólafur Sigmarsson frá Kaupfélagi Skagfirðinga og Magnús Helgason Byggðastofnun. Áskell Heiðar og Snorri Styrkársson kynntu stofnun að fyrirtæki um Gagnaveitu Skagafjarðar. Málið rætt og menn sammála um að vinna áfram að stofnun Gagnaveitu Skagafjarðar.
2. Lagt fram bréf dags 23. mars 2006 frá Sv. Skagafirði, þar sem tilkynnt er samþykkt Byggðaráðs frá fundi 21. mars 2006, að selja hlut sinn í Hitaveitu Hjaltadals til Skagafjarðarveitna ehf.
3. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf. samþykkir að hækka gjaldskrá hitaveitu um 3,5% frá 1. maí 2006.
4. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.55

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.